

**18. fundur samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, fimmtudaginn 24. september 2009 og hófst
hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Úlfar B Thoroddsen (UBT), Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Birna Benediktsdóttir (BB), Þuríður G. Ingimundardóttir (ÞGI) og Ragnar Jörundsson.

Fundargerð ritaði: Ragnar Jörundsson.

Dagskrá:

1. 0909121 - Fundargerð 17.fundar samráðsnefndar 20.apríl 2009

Fundargerðin lögð fram. Límd í fundargerðarbók.

2. 0909116 - Styrktarsjóður Heilbrigðisstofnana Vestur-Barðastrandarsýslu. Ársreikningur.

Lagður fram ársreikningur Styrktarsjóðs heilbrigðisstofnana V-Barðastrandarsýslu vegna ársins 2008. Engar athugasemdir gerðar. Ársreikningurinn samþykktur.

Komið hefur í ljós leki á þaki húseignar sjóðsins að Aðalstræti 90 á Patreksfirði. Samþykkt að veita Úlfari B. Thoroddsen heimild til þess að sjá um að gert verði við þakið í samráði og samvinnu við aðra eigendur eignarinnar og að taka lán fyrir viðgerðinni.

Samráðsnefnd vísar til 6. liðar 17. fundar nefndarinnar um að Aðalstræti 90 verði auglýst til sölu eftir að viðgerð lýkur.

3. 0909117 - Héraðsskjalasafn Barðastrandarsýslu

Lögð fram gögn frá Magnúsi Ó. Hanssyni varðandi erindi til fjárlaganefndar. Samþykkt að Eyrún og Ragnar setji upp erindi til nefndar. Umræður urðu nokkrar um framhald á hugmyndum um stofnun Héraðsbókasafns í Barðastrandarsýslu.

4. 0909119 - Sorpmál Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Viðræður hafa verið í gangi við Gámaþjónustu Íslands um sorphirðu og flokkun í Vesturbyggð og Tálknafjarðahreppi. Jafnframt hefur Funi á Ísafirði verið að kanna möguleika um sorphirðuna. Málið er í vinnslu og mun skýrast í október.

5. 0909120 - Samgöngumál, Baldur, vegagerð

Samráðsnefndin lýsir yfir óánægju sinni með hvernig staðið hefur verið að samgöngumálum á sunnanverðum Vestfjörðum nú að undanfögnu. Sú ákvörðun að ferjan Baldur leysti Herjólf af í siglingum til Vestmannaeyja hefur valdið miklum óþægindum fyrir íbúa og fyrirtæki í V-barðastrandarsýslu auk

Þess að Vestmanneyingar hafa lýst yfir megnri óánægju með þessa tilhögun. Á sama tíma og Baldurs naut ekki við, hafa malarvegir á Vestfjarðavegi 60 aldrei verið verri.

6. 0909074 - Minjasafn Egils Ólafssonar. Ársreikningur

Mættir undir þessum lið, þeir Guðmundur Sævar Guðjónsson formaður MEÓ og Björgvin Sigurjónsson stjórnarmaður. Fóru þeir yfir ýmis mál varðandi stöðu safnsins og upplýstu um mörg atriði. Lagður fram ársreikningur safnsins 2008. Ársreikningurinn borinn upp og samþykktur.

7. 0909118 - Önnur mál

- a) Halland verkefnið. Ekki talin ástæða að vinna að þessu verkefni að svo stöddu.
- b) Sameining sveitarfélaga. Kynnt skýrsla Halldórs Karls Hermannssonar um sameiningu sveitarfélagana, en skýrslan var BS ritgerð hans í Háskólanum á Bifröst. Nefndin beinir því til sveitarstjórnana að taka skýrsluna fyrir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:35

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____